

- 97 Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 64, 11. júní 1938, um breyting á lögum nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kaupþína og sjávarþorpa, gengur í gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. ágúst 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

- 98
12. ágúst

AUGLÝSING

um austurrísk vegabréf.

Með tilvísun til auglýsingar dómsmálaráðuneytisins frá 1. júní 1937, sem sett var samkv. 3. mgr. 8. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum frá 24. maí 1937, er hér með ákveðið, að menn með austurrísk vegabréf þurfi eftir 1. september 1938 að fá staðfestingaráritun (visum) á vegabréf sín, ef þeir ætla að ferðast til Íslands.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. ágúst 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

- 99
12. ágúst

REGLUGERÐ

um biskupskosningu.

1. gr.

Þegar biskupsembætti þjóðkirkjunnar losnar, skal kirkjumálaráðherra sjá um, að biskupskosning fari fram innan þriggja mánaða frá því embættið losnaði.

2. gr.

Kosningarrétt hafa allir þjónandi prestar og prófastar þjóðkirkjunnar, guðfræðikennarar Háskólans, svo og hinn fráfarandi biskup, gegni hann enn embætti, þegar kosning fer fram. Enginn getur þó farið með meir en eitt atkvæði, enda þótt hann gegni fleiri embættum.

Kjörgengir eru allir þeir, sem rétt hafa til embætta í þjóðkirkjunni.

3. gr.

Undirbúning og framkvæmd kosningarinnar skal kirkjumálaráðherra fela kjörstjórn, er skipuð sé skrifstofustjóra í kirkjumálaráðuneytinu sem formanni, einum manni tilnefndum af stjórn Prestafélags Íslands og einum manni tilnefndum af kirkjumálaráðherra. Kjörstjórn þessi sé skipuð svo fljótt sem því verður við komið, þegar biskupskosning á fram að fara.

Nú vanrækir stjórn Prestafélags Íslands að tilnefna mann í kjörstjórnina innan þess tíma, er ráðherra ákveður, og skal þá ráðherra tilnefna manninn.

4. gr.

Jafnskjótt og kjörstjórn er fullskipuð, skal hún láta gera kjörseðla og senda þegar einn kjörseðil ásamt tilheyrandi umslagi til hvers kjósanda, sem kosningarrétt hefir, og skal hún um leið tilkynna hverjum þeirra hvenær kjörseðillinn skuli kominn í hennar hendur aftur. Kjörseðlar skulu sendast milli kjósanda og kjörstjórnar í ábyrgðarpósti.